

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík  
[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Reykjavík, 21. september 2021

### **Efni: Umsögn um starfsleyfistillögu fyrir Rio Tinto á Íslandi ehf.**

Samtök iðnaðarins og Samtök álframleiðenda (hér eftir „samtökin“) vilja koma á framfæri athugasemdum við starfsleyfistillögu fyrir Rio Tinto á Íslandi ehf. (hér eftir „ÍSAL“), sem auglýst var 24. ágúst sl. á heimasíðu Umhverfisstofnunar (hér eftir „UST“).

### **Áhrif breytinga á skipulagi, lögum og reglugerðum á starfsleyfi**

Í kafla 1.6 í starfsleyfistillögu er fjallað um endurskoðun starfsleyfis og tekið fram að endurskoða þurfi starfsleyfi reglulega. Einnig er tilgreint í hvaða tilvikum heimilt sé og jafnvel skylt að endurskoða starfsleyfið. Á það til að mynda við þegar breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir sem snertir reksturinn og ef breyting verður á skipulagi. Svo segir í lokamálgrein ákvæðisins að rekstraraðila „sé ætíð skylt að fara að gildandi skipulagi, lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1., jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.“

Í tengslum við það stóra verkefni sem nú er fyrir höndum að endurnýja starfsleyfi stóriðjufyrirtækjanna vegna breytinga á BAT skilyrðum hafa komið upp áleitnar spurningar um hvaða áhrif það hefði ef BAT kröfur væru uppfærðar í lögum en slíkt leiddi ekki til endurskoðunar á starfsleyfinu. Telja samtökin mikilvægt að það sé alveg skýrt hvað gildir við slíkar aðstæður enda ljóst að rekstraraðili gæti þurft að sæta viðurlögum telji UST að um brot sé að ræða, sbr. grein 1.7 í starfsleyfinu.

Hér vilja samtökin ítreka þá afstöðu sína að mikilvægt sé að tryggja að útgefin starfsleyfi, sem eru í eðli sínu stjórnvaldsákvörðun, tryggi festu þannig að þær kvaðir sem þar er kveðið á um veiti fyrirsjáanleika um skyldur starfsleyfishafa og um leið eftirfylgni með þeim í kröfum sem fyrirtækjunum er gert að fara eftir.

Framangreint ákvæði starfsleyfistillögunnar, sem finna má í kafla 1.6, skapar einfaldlega lagalega óvissu um hvaða reglur gilda um þá starfsemi sem starfsleyfið tekur til, sér í lagi þegar ákvæði starfsleyfis og laga eru ósamrýmanleg. Starfsleyfishafi má einfaldlega vænta þess að reglur um starfsemina séu skýrar. Ef upp kemur áreksstur á milli ákvæða starfsleyfis og nýsamþykkttra reglna t.d. um BAT skilyrðin þarf að vera skýrt hvaða reglur gilda. Samtökin telja af þessari ástæðu mikilvægt að UST skýri betur umfang og takmörk ákvæðisins.

## Afnám þynningarsvæða

Þann 27. apríl 2020 sendu samtökin erindi á UST í kjölfar boðaðra áforma um endurskoðun starfsleyfa álframleiðenda, þar á meðal vegna áforma um afnám þynningarsvæða úr starfsleyfum. Samtökin bentu á þessum tíma á mikilvægi þess að skýrt þyrfti að liggja fyrir hvaða viðmið og reglur taki við þegar ákvæði um þynningarsvæði eru felld brott úr starfsleyfum fyrirtækjanna. Það var ekki fyrr en rúmlega ári síðar, 7. júní 2021, sem UST upplýsti að nokkru leyti, með minnisblaði um niðurfellingu þynningarsvæða, um þau viðmið og reglur sem taki við. Á þeim tímapunkti gátu fyrirtækin fyrst áttað sig á því til að mynda hvort breytinga væri þörf á vöktunarmælingum og hverjar þær breytingar þyrftu að vera til að unnt væri að mæta kröfum UST um vöktun.

Samtökin leggja á það áherslu að þynningarsvæði hafa hingað til haft hlutverki að gegna sökum óhjákvæmilegs útblásturs og umhverfisáhrifa af þeirri framleiðslu sem um ræðir. Þegar gera á svo umfangsmikla breytingu á starfsumhverfi stóriðjufyrirtækja og raun ber vitni er eðlilegt að það sé gert með hæfilegum fyrirvara, góðri og skýrri upplýsingagjöf um áhrif og framkvæmd fyrirhugaðra breytinga og tryggð sé eðlileg aðlögun. Á það hefur skort í máli þessu og mikilvægt að úr því verði bætt þar sem tryggt er að samtal sé virkt og leyst sé úr óvissuatriðum.

### *Umhverfismörk loftgæða*

Í áður nefndu minnisblaði UST um þynningarsvæðin er fjallað um umhverfis- og heilsuverndarmörk. Þar kemur fram að áformað sé að ákvæði um þynningarsvæði verði felld brott úr starfsleyfum og skoðað hvernig gera eigi kröfur um umhverfismælingar sem ná til að mynda til brennisteinsdíoxíðs, svifryks og flúors. Þetta gæti kallað á að skoðað verði hvort setja þurfi nýjar mælistöðvar til að mæla losun frá starfsemi. Síðan segir að umhverfis- og heilsuverndarmörk muni gilda utan viðkomandi *iðnaðarsvæðis*. Á kynningarfundum UST um starfsleyfistillögu ÍSAL er þessu til viðbótar vísað til þess að umrædd umhverfis- og heilsuverndarmörk gildi *utan lóðarmark*a. Hér ber þess að geta að skilgreint iðnaðarsvæði getur fallið utan lóðarmark starfsleyfishafa og gerir það í tilvikum ÍSAL.

Í sama minnisblaði vísar UST til þess að stofnunin hafi bent nokkrum sveitarfélögum á heimild þeirra til að skipuleggja varúðarsvæði vegna mengandi starfsemi þar sem hætta er fyrir heilsu og öryggi almennings. Ennfremur segir að varúðarsvæði hafi ekki sömu takmarkanir og þynningarsvæði. Hér ber þó til þess að líta að sveitarfélögum er heimilt og jafnvel skylt í sumum tilvikum að takmarka landnotkun, mannvirkjagerð eða umgengni á varúðarsvæðum þar sem heilsu kann að vera ógnað, meðal annars vegna mengunar. Þrátt fyrir það tekur UST ekki afstöðu til þess hvaða umhverfis- og heilsuverndarmörk gilda innan varúðarsvæðis, líkt og stofnunin gerir hvað iðnaðarsvæði varðar. Það liggur því ekki fyrir hvaða áhrif það hefur á umhverfis- og heilsuverndarmörk að sveitarfélög verði við ábendingu UST um að skilgreina landsvæði í kringum starfsleyfishafa sem varúðarsvæði.

Vegna misræmis á upplýsingum hvar umhverfis- og heilsuverndarmörk gilda, sbr. hugtakanotkunina „utan iðnaðarsvæðis“ eða „utan lóðarmark“ kalla samtökin eftir betri skilgreiningu á þessu og þar með sé eytt óvissu um þetta atriði, enda grundvallaratriði sem verður að skilgreina af hálfu UST. Ennfremur kalla samtökin eftir upplýsingum um það hvaða áhrif það hefur á umhverfis- og heilsuverndarmörk að landsvæði í kringum starfsleyfishafa sé skilgreint sem varúðarsvæði.

### *Staðsetning loftgæðamælinga*

Þau mörk sem helst varða starfsemi stóriðjufyrirtækja koma fram í reglugerð nr. 920/2016, þar sem annars vegar er fjallað um heilsuverndarmörk og hins vegar um gróðurverndarmörk.

Skýrt er tekið fram í reglugerðinni að ekki skal mæla eða meta hvort viðmiðunarmörk varðandi heilsuvernd manna séu virt á eftirfarandi stöðum; a) á stöðum sem eru á svæðum sem eru ekki aðgengileg almenningi og þar sem enginn hefur fasta búsetu, b) á vinnustöðum, c) á akbrautum vega og á miðeyjum vega, nema þar sem gangandi vegfarendur hafa alla jafna aðgang að miðeyjum. Varðandi gróðurverndarmörk skulu mælistöðvar vera í meira en 20 km fjarlægð frá þéttbýlisstöðum eða í meira en 5 km fjarlægð frá öðrum þéttbýlum svæðum, iðjuverum eða aðalvegum, og vera dæmigerð fyrir a.m.k. 1.000 km<sup>2</sup> svæði. Þó heimilt að víkja frá þessu í tilteknum tilvikum.

Samtökin telja ljóst að í framangreindum ákvæðum felist ákveðið áhættumat um hvar þörf er á að mæla loftgæði. Samtökin telja að skilgreining landsvæða sem varúðarsvæði, með takmörkunum um landnotkun og umgengni, hafi þannig áhrif á staðsetningu loftgæðamælinga enda megi vænta að landnotkun takmörkuð og svæði sem enginn hafi fasta búsetu. Eðlilegt sé því að rökstyðja val á staðsetningu með vísun í ofangreinda reglugerð og viðeigandi landnotkunarflokka í aðalskipulagi, sem dæmi þannig að mælistöðvar fyrir heilsuverndarmörk séu staðsettar utan iðnaðarsvæða og varúðarsvæða.

### Venjuleg rekstrarskilyrði

Losunarmörk eru tiltekin í starfsleyfi með vísan í BAT skilyrði og tiltaka heildarmagn efna sem leyfilegt er losa frá framleiðslunni við *venjuleg rekstrarskilyrði*. Eðlilegt og mikilvægt er að ákvarða hvaða aðstæður falla undir *venjuleg rekstrarskilyrði* í þeirri starfsemi sem starfsleyfið tekur til og þá hvað fellur þar fyrir utan og telst því vera *önnur skilyrði en venjuleg rekstrarskilyrði*.


Í BAT kröfum og reglugerð nr. 550/2018 eru tiltekin eftirfarandi tilvik sem teljast ekki til venjulegra rekstrarskilyrða: „...ræsingar- og stöðvunaraðgerðir, leka, bilanir, tímabundnar stöðvanir og endanlega stöðvun rekstrar“ og í ákvörðun 2012/119/EU eru fleiri dæmi tiltekin: „*reglulegt viðhald, óvenjulegar aðstæður og „Bypassing of abatement systems“*“.

Samtökin áréttu mikilvægi þess að afstaða sé tekin til þess, í hverju tilviki þegar innleiða á BAT skilyrði í starfsleyfi hérlendis, hvað venjuleg rekstrarskilyrði eru og hvað ekki. Þegar upp koma aðstæður sem falla utan við venjuleg rekstrarskilyrði er eðlilegt og gert ráð fyrir í umræddu regluverki að svigrúm sé gefið varðandi losun.


Samtökin óska eftir viðbrögðum UST við framangreindum athugasemdum og óska eftir fundi um málið.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins

  
Björg Ásta Þórðardóttir,  
yfirlögfræðingur

f.h. Samtaka álframleiðenda

  
Pétur Blöndal,  
framkvæmdastjóri